

# 7. fundur stjórnar Siðmenntar

1. júní 2023 | Laugavegi 158 | kl: 16:30

## Mætt:

Inga Auðbjörg, Kristín Sævarsdóttir, Arnar Snæberg Jónsson, Sigurður Rúnarsson, Hope Knútsson, Helga Bára Bragadóttir, Guðni Rúnar Jónasson.

Fundargerð ritar: Eyjólfur Örn Snjólfsson, framkvæmdastjóri

## Dagskrá

### 1. Rekstraráætlun/fjárhagsstaða

Gjaldkeri og framkvæmdastjóri kynna uppfærða rekstraráætlun og gera grein fyrir fjárhagsstöðu.

Félagið er með 1.5 milljón króna yfirdráttarheimild. Framkvæmdastjóri hefur útbúið drög að rekstraráætlun. Samkvæmt henni mun félagið ná að greiða niður yfirdráttinn í byrjun vetrar.

Helstu áherslubreytingar eru eftirfarandi:

- Tekin verði upp ný gjaldskrá sbr. tillögu hér að neðan
- Opnað verði strax fyrir fermingarskráningar
- Innleiðing rafræns bókhalds og rafrænnar skeytamiðlunar
- Fjöldi stöðugilda verði 2,5 fram að byrjun vetrar
- Hoppað í hnapphelduna verður haldin en málamyndagjald tekið fyrir og reynt að halda útgjöldum í lágmarki
- Félagið verði virkt í að vera sýnilegt og stuðla að nýliðun

### 2. Gjaldskrártillaga lögð fram

Gjaldkeri og framkvæmdastjóri leggja fram tillögu að uppfærðri gjaldskrá til umræðu og samþykktar. Sjá töflu á næstu síðu.

Breytingin er tvíþætt.

- Fullt verð einstaklingsathafna hækkar lítillega og afsláttur til þeirra sem skráðir eru í Siðmennt lækkar einnig. Hlutur athafnastjóra helst í krónum talið.
- Fyrir hópfermingar þá hækkar staðfestingargjald og námskeiðsgjald lítillega og afsláttur lækkar.

Nafngjafir og heimafermingar		2022	2023	2024
Fullt verð		35,000	45,000	49,000
Staðfestingargjald		10,000	20,000	29,000
Félagaafsláttur		12,500	12,500	10,000
Hluttur athafnastjóra	88%	30,800	39,600	81% 39,600
Siðmennt án afsl.		4,200	5,400	9,400
Siðmennt með afsl.		-20,800	-19,600	-10,600

  

Hjónavígslur og útfarir		2022	2023	2024
Fullt verð		70,000	75,000	80,000
Staðfestingargjald		25,000	30,000	40,000
Félagaafsláttur		22,500	22,500	20,000
Hluttur athafnastjóra	88%	61,600	66,000	83% 66,000
Siðmennt án afsl.		8,400	9,000	14,000
Siðmennt með afsl.		-36,600	-36,000	-26,000

  

Hópfermingar		2022	2023	2024
Athafnagjald / Staðf.gjald			18,000	25,000
Námskeiðsgjald			32,000	35,000
Félagaafsláttur			12,000	10,000
Kostnaður per barn			55,500	60,000
Siðmennt án afsl.			-5,500	0
Siðmennt með afsl.			-29,500	-20,000

Hér hefur staðfestingargjaldi verið uppfært frá samþykktri tillögu í þeim tilgangi að fækka handtök á skrifstofunni. Samkvæmt fyrri tillögu var staðfestingargjald fyrir nafngjafir og heimafermingar 25.000 og fyrir hjónavígslur og útfarir 35.000.

Breytingin hefur þá kosti að ef félagaafsláttur er fullnýttur þá þarf ekki að senda viðbótarrúkkun á þjónustukaupann.

*Ákveðið að gjaldskrá sé uppfærð frá og með 1. júní 2023 og gjaldskrá fyrir árið 2024 verði endurskoðuð í haust.*

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union  
 EHF - European Humanist Federation  
 MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands

### 3. Fyrirkomulag fermingarskráningar

Áður hafði verið mælt með að opna fyrir fermingarskráningar eftir sumarfríin.

Framkvæmdastjóri leggur til að opnað verði strax fyrir fermingarskráningar skv. ofangreindri gjaldskrá. Verkefnastjóri fermingarfræðslu er þegar búin að undirbúa opnunina í Sportabler og tilbúin með frétt á heimasíðu félagsins

*Ákveðið að opna sem fyrst fyrir fermingarskráningar.*

### 4. Hoppað í hnapphelduna

Framkvæmdastjóri leggur til að Siðmennt haldi viðburðinn eins og í fyrra. Í þetta skiptið á alþjóðlega húmanistadeginum 21. júní í tjarnarsalnum en Reykjavíkurborg samþykkti nýlega reglur er lúta að giftingarathöfnum í Ráðhúsinu.

Lagt er til eftirfarandi verðskrá

- 10.000 ef bæði hjónaefni eru félagar á vígsludag
- 15.000 ef annað hjónaefna er félagi
- 20.000 ef hvorugt hjónaefna er félagi

Boðið verði upp á lifandi tónlist, freyðivín og myndatökukassa. Verkefnastjóri athafnaþjónustu mun kanna hvort og í hvaða mæli Reykjavíkurborg er viljug til að taka þátt í verkefninu.

*Samþykkt að halda viðburðinn með í mesta lagi 300.000 króna tapi.*

### 5. Uppgjör við starfsfólk

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir nokkrum smámálum sem á eftir að klára er tengjast starfsfólki sem er hætt eða að hætta.

### 6. Mannauðsmál

Framkvæmdastjóri leggur áherslu á mikilvægi þess að ráða nýjan verkefnastjóra athafnaþjónustu þar sem núverandi starfsmaður mun hverfa frá störfum mánaðarmótin júní/júlí.

*Samþykkt að ráða verkefnastjóra.*

## 7. Freedom of Thought Report uppfærsla

Formaður kynnr uppfærslu á FTR.

<https://fot.humanists.international/countries/europe-northern-europe/iceland/>

## 8. Norrænn fundur í Reykjavík 2024

Framkvæmdastjóri og formaður hafa boðið fram Siðmennt sem gestgjafa árlegs norræns samstarfsfundar á árinu 2024.

*Samþykkt að huga að þessu þegar nær dregur.*

## 9. Heimsþing í Kaupmannahöfn

- Praktísk mál
  - Þurfa fara í forgang
- Þátttaka starfsfólks sem sagt hefur upp
  - Verkefnastjóra athafnaþjónustu verði gefinn kostur á að fara sem almennur félagsmaður, með þeim réttindum sem því fylgja.
- Dagpeningar
  - Verður gert upp, ef hægt er, þegar fjárhagsstaða skýrist.

## 10. Önnur mál

Næsti fundur eftir fjórar vikur, 29. júní, kl. 16:30. Óskað eftir calendar invite.

## Ákvörðunarlisti

Atriði
Ný gjaldskrá samþykkt og tekur strax gildi, endurskoðuð um áramót
Opna strax fyrir fermingarskráningu 2024 skv. nýrri gjaldskrá
Hoppað í Hnapphelduna haldið 21. júní í Ráðhúsinu, max tap 300k
Auglýst verði asap í stöðu verkefnastjóra athafnaþjónustu
Ísland heldur Norrænan fund húmanistasamtaka vor/sumar 2024
Fráfarandi verkefnastjóra boðið að fara á heimsþing á breyttum fors.
Útistandandi kostnaðarliðir vegna heimsþings gerðir upp síðar

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands